

Nd.

62. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 60, 30. júlí 1909.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen, þm. N.-Ísf.

Ísafjarðarlæknishjeraði skal skift í tvö læknishjeruð, svo sem hjer segir:

1. *Ísafjarðarhjerað*: Eyrarhreppur, Ísafjarðarkaupstaður, Súðavíkurhreppur og Vigur í Ögurhreppi.
2. *Hólshjerað*: Hólshreppur (ásamt Bolungarvíkurverslunarstað) í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Lög þessi ganga þá fyrst í gildi, er sjerstakur læknir er skipaður í Hólshjerað.